

Ísafjarðarbær
Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. desember 2014

Tilvísun: UST20141100157/ksj

Tillaga að deiliskipulagi Suðurtanga Ísafirði, hafnar- og iðnaðarsvæði.

Tillaga að deiliskipulagi Suðurtanga Ísafirði, íbúðar- og þjónustusvæði.

Vísað er til erindis sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar er barst 18. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að tveimur aðskildum deiliskipulögum neðan við Ásgeirsgötu á Suðurtanga á Ísafirði. Um er að ræða deiliskipulag hafnar- og iðnaðarsvæðis austan megin á tanganum og deiliskipulag íbúðar- og þjónustusvæðis vestan megin á tanganum.

Tillaga að deiliskipulagi Suðurtanga Ísafirði, hafnar- og iðnaðarsvæði.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið liggur á austanverðum Suðurtanga, sem er neðsti hluti Eyrarinnar. Svæðið afmarkast af Ásgeirsgötu og Sundabakka að Sundahöfn í norðri og af íbúðar- og þjónustusvæði í vestri og suðri. Skipulagssvæðið er tæpir 12,5 ha að stærð að fyrirhugaðri landfyllingu meðtalinni sem er áætluð rúmir 3 ha.

Fram kemur í umfjöllun um skipulagssvæðið að á síðari hluta áttunda og níunda áratug síðustu aldar hafi óbrennanlegt sorp verið urðað á uppfyllingarsvæðum á Suðurtanga. Einnig kemur fram að eftir að sorpbrennslustöðin á Skarfaskeri var lokað var almennt sorp einnig urðað á svæðinu, þar til sorpbrennslan Funí í Engidal tók til starfa.

Gömul sorpurðunarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á hugsanlega mengun jarðvegs á gömlum sorpurðunarsvæðum. Stofnunin telur brýnt að áður en framkvæmdir við húsgrunna, einkum fyrir íbúðarhús, á gömlum urðunarsvæðum sem sýnd eru á mynd 2 í greinargerð hefjast, verði hugað að mengun í jarðvegi og mögulegu gasi. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að sig á fyllingum verði skoðað. Umhverfisstofnun mælir gegn því að grafa í gömlum úrgangi, en slíkt er ekki bannað.

Náttúrumínjar

Engin svæði innan deiliskipulagssvæðanna eru á náttúrumínjaskrá, eru friðlýst eða njóta

annarrar verndar.

Umhverfismat

Umhverfisstofnun tekur undir að ef fyrirhuguð efnistaka af hafsbottni raskar 25,000 m² svæði eða stærra, eða er 50.000 m³ eða meiri, þá kann sú framkvæmd að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og þarf að tilkynna hana til Skipulagsstofnunar skv. gr. 2.a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Landfylling

Fram kemur í greinargerð tillögunnar að samtals er áætlað að gera landfyllingu á 3,2 ha svæði. Umhverfisstofnun bendir á að ef fyrirhuguð rúmlega 3 ha landfylling verður svokölluð opin landfylling, telst það vera varp í hafið í skilningi laga nr. 33/2004. Sækja þarf um leyfi fyrir slíkri framkvæmd til Umhverfisstofnunar skv. 9. gr. laganna þar sem fjallað er um varp efna og lagningu sæstrengja og neðansjávarleiðsla.

Tillaga að deiliskipulagi Suðurtanga Ísafirði, íbúðar- og þjónustusvæði.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið liggur á vestanverðum Suðurtanga, neðsta hluta Eyrarinnar. Svæðið afmarkast af Ásgeirsgötu og Ásgeirsbakka í norðri og af hafnar- og iðnaðarsvæði í austri. Skipulagssvæðið er tæpir 10 ha að stærð. Fram kemur í umfjöllun um skipulagssvæðið að á síðari hluta áttunda og níunda áratug síðustu aldar hafi óbrennanlegt sorp verið urðað á uppfyllingarsvæðum á Suðurtanga. Einnig kemur fram að eftir að sorpbrennslustöðin á Skarfaskeri var lokað var almennt sorp einnig urðað á svæðinu, þar til sorpbrennslan Funí í Engidal tók til starfa.

Gömul sorpurðunarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á hugsanlega mengun jarðvegs á gömlum sorpurðunarsvæðum. Stofnunin telur brýnt að áður en framkvæmdir við húsgrunna, einkum fyrir íbúðarhús, á gömlum urðunarsvæðum sem sýnd eru á mynd 2 í greinargerð hefjast, verði hugað að mengun í jarðvegi og mögulegu gasi. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að sig á fyllingum verði skoðað. Umhverfisstofnun mælir gegn því að grafa í gömlum úrgangi, en slíkt er ekki bannað.

Náttúruminjar

Engin svæði innan deiliskipulagssvæðanna eru á náttúruminjaskrá, eru friðlýst eða njóta annarrar verndar. Umhverfisstofnun tekur undir það að upprunalega fjaran á vestanverðum Suðurtanga nýtur hverfisverndar.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við ofangreindar deiliskipulagstillögur.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

A. B. Guttormsdóttir
Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Teymisstjóri